

Bæjarráð Fjallabyggðar,
b/t. Sigríðar Guðrúnar Hauksdóttur, formanns.
Gránugötu 24,
580 SIGLUFIRÐI.

Ólafsfirði, 9. febrúar 2022.

VARÐAR: Gjald fyrir kalt vatn til fyrirhugaðs eldi á styrju í Ólafsfirði.

Ágæta bæjarráð Fjallabyggðar.

Hið Norðlenzka Styrjuvellag ehf, til heimilis að Pálsbergsgötu 1, Ólafsfirði, kennitala: 591021-0790 óskar eftir viðræðum við bæjarráð Fjallabyggðar um gjald fyrir kalt vatn til fyrirhugaðs eldis á styrju í Ólafsfirði.

Ofangreint félag hefur fest kaup á eina stofni styrju sem til er á Íslandi og er í dag að verða níu ára gamall. Þetta eru 165 fiskar sem vonandi komast til Ólafsfjarðar áður en langt um líður. Er hér um stofnfisk framtíðar uppbyggingar eldisins að ræða.

Um er að ræða eldi á landi, sem í þessu tilfelli fer fram innandyrna og mun það fara fram í húsakynnum þeim er félagið er að festa kaup á við Pálsbergsgötu 1 í Ólafsfirði.

Það mun líða nokkur tími áður en eldið fer að skila tekjum og í því sambandi óskum við eftir viðræðum við sveitarfélagið um gjaldtöku á köldu vatni.

Við höfum þrjár hugmyndir í huga sem við óskum að ræða og etv. útfæra nánar.

- Hið Norðlenzka Styrjuvellag ehf óskar eftir niðurfellingu gjalda fyrir kalt vatn til fjögurra ára, eða til þess tíma er tekjur fara að koma inn. Í kjölfar yrði rætt um verð fyrir vatnið.
- Verulegur afsláttur yrði veittur frá gildandi verðskrá um kalt vatn, sérleg á meðan verið er að koma fótum undir þennan rekstur.
- Farin verði blönduð leið af pkt. 1 og pkt. 2.

Með þessu erindi óskum við eftir að fá að koma til fundar við Bæjarráð Fjallabyggðar og kynna ástæðu þessara óska frekar ásamt framtíðar fyrirætlunum fyrirtækisins.

Með von um jákvæða afgreiðslu kveðjum við,

Fh. Hins Norðlenzka Styrjuvellags ehf.,

Ásgeir Logi Ásgeirsson (sign)

Þorsteinn Ásgeirsson (sign)

Þorbjörn Sigurðsson (sign)

Eyþór Eyjólfsson (sign)